

# Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, mánudaginn 25. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Ernu Birgisdóttur og Páli Kristjánssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2025:

Skjöldur Vatnar Björnsson, f.h. Flóka Vincent Skjaldarsonar  
gegn  
Nischel Smára Gurung

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

## ÚRSKURÐUR:

### I.

#### Kærandi:

Skjöldur Vatnar Björnsson, kt. 090347-2769,  
f.h. Flóka Vincent Skjaldarsonar, kt. 050708-2250,  
Flókagötu 62,  
105 Reykjavík.

#### Kærði:

Nischel Smári Gurung

Skrifstofu KSÍ barst kára með tölvupósti frá kæranda 12. ágúst 2025 og var hún móttækin af skrifstofu KSÍ 13. ágúst s.á.

### II.

#### Kröfur:

Kærandi gerir eftirfarandi kröfur:

Að kærði fái rautt spjald og a.m.k. eins árs bann frá leikjum KSÍ.

Að dómur leiksins, Elmar Svavarsson, missi réttindi sín, verði sviptur launum fyrir leikinn og að launin verði notuð sem stofnframlag í höfuðmeiðsla sjóð.

Að stofnaður verði sjóður til hjálpar þeim sem fá höfuðhögg í knattspyrnu.

Að Val verði dæmdur 0-3 sigur í leiknum.

### III.

#### Málsatvik:

Mál þetta varðar atvik í leik í 2. flokki karla. Kærandi er faðir leikmanns í leiknum og er málið kært f.h. leikmannsins. Kærandi lýsir atvikum sem svo að kærði hafi misst boltann og langt frá sér og að sonur hans, sem var markmaður, hafi rennt sér á hliðina í því skyni að handsama boltann. Að sögn kæranda hafi kærði þá kastað sér á rassinn með beinar fætur á undan sér með þeim afleiðingum að fætur hans lentu á höndum sonar hans og farið þar í gegn og í andlit hans. Kærandi

lýsir atvikum á þann veg að sonur hans hafi fengið miklar blóðnasir, takkaför í andlitið og að bæði höfuð og háls hafi sveigst mikið aftur á bak. Að sögn kæranda fór hann inn á völlinn eftir árásina til að gæta að heilsu sonar síns og átti þar í orðaskiptum við dómara leiksins um þess efnis að hann teldi þetta vera líkamsárás en ekki fótbolta. Að sögn kæranda sagði dómari leiksins að þetta hefði verið árekstur og aðspurður hvernig þetta væri ekki rautt spjald hafi dómari ekki hafa séð þetta.

Kærandi telur einsýnt að þetta hafi verið gert til þess að koma markmanninum úr leik og því skuli dæma leikinn Val í hag. Kærandi tekur að öðru leyti fyrri atvik og þar á meðal úrskurðu aga- og úrskurðarnefndar í máli nr. 6/2025 til marks um að atvik sem þessi séu siendurtekin og vandamál sem KSÍ þurfti að bregðast við.

#### IV. Niðurstaða:

Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt gr. 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnis meðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Samkvæmt gr. 7.1 í fyrrgreindri reglugerð hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Samkvæmt 8. gr. sömu reglugerðar skulu kærur vegna knattspyrnuleikja sem fara fram á Íslandi berast innan 48 klukkustunda frá því að atvik það sem kært er bar við. Í kæru er ekki greint nákvæmlega frá hvaða leik um ræðir en af heimasíðu KSÍ má ráða að um sé að ræða leik ÍR/Léttis gegn Val/KH/Fálkum í 2. flokki karla B-deild lotu 3 sem fór fram 11. ágúst 2025 kl. 18:00. Líkt og að framan greinir barst kæra 12. ágúst og er því innan 48 klukkustunda frests.

Í málinu liggur fyrir að kærandi er foreldri sem kærir fyrir hönd sonar síns sem er leikmaður Vals/KH/Fálka og beinir kæru sinni gegn leikmanni ÍR vegna atviks sem varð í framangreindum leik. Kærandi krefst þess að kærði fái leikbann og eins árs bann, að dómari leiksins missi réttindi sín, verði sviptur launum og að stofnaður verði sjóður fyrir leikmenn sem verða fyrir höfuðmeiðslum. Að lokum krefst kærandi þess að Val/KH/Fálkum verði dæmdur sigur í leiknum. Ekki verður talið að kærandi hafi sérstaka hagsmuni af kröfum sínum fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ. Kröfurnar virðast tilkomnar vegna ákvörðunar dómara í leiknum en það er ekki hlutverk aga- og úrskurðarnefndar að endurskoða einstaka dóma eða ákvarðanir sem dómari hefur tekið í leikjum. Þá er kærinni aðeins beint að einum aðila en kröfur kæranda varða hagsmuni fleiri en leikmannsins sem tilgreindur er í kæru. Með vísan til framangreinds telur nefndin að skilyrði gr. 7.1 og gr. 7.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál séu ekki uppfyllt og er málinu vísað frá nefndinni án efnislegrar umfjöllunar.

#### V. Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Páll Kristjánsson [sign]

### **Um fresti vegna áfrýjunar:**

*Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttarábrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.*